

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál.

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) fagnar því að lengja eigi fæðingarorlof í 12 mánuði. Jafnframt fögnuðum við þeirri endurskoðun sem fór fram á frumvarpinu frá því að drög voru birt í samráðsgátt og snéru að tímabili réttar til töku orlofs, sem til stóð að stytta úr 24 í 18 mánuði en hefur nú verið breytt.

Hins vegar ítrekum við þá afstöðu sem við létum í ljós í umsögn okkar í samráðsgátt þann 7. október s.l. Við erum ósammála því að takmarka eigi valfrelsi foreldra til að ráðstafa fæðingarorlofinu. Réttur til töku fæðingarorlofs er réttur sem ætti fyrst og fremst að taka mið af hagsmunum barna. Því teljum við að frumvarpið, sem tekur að er virðist eingöngu mið af jöfnum rétti foreldra, takist ekki ætlunarverk sitt og stuðli í raun að annars konar ójöfnuði, svosem tekjutapi fjölskyldna eða skertu fjárhagslegu sjálfstæði í þeim tilvikum sem foreldri þarf að dreifa orlofsgreiðslum yfir fleiri mánuði en gert er ráð fyrir. Við teljum það ekki heillavænlegt að ganga á réttindi ungabarns til umönnunar eingöngu út frá jafnréttissjónarmiðum, en tillögur félags- og barnamálaráðherra bitna fyrst og fremst á börnunum sjálfum og ákvörðunarrétti fjölskyldna til að gera það sem er barninu fyrir bestu.

Við teljum brýnt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu, hagsmunir barna verði settir í forgrunn og forræðishyggjunnar gefið frí. Þó sjálfstæður réttur foreldra til töku fæðingarorlofs sé mikilvægur, er valfrelsi foreldra það líka. Eigi skipting fæðingarorlofs að vera skilyrt, þá ætti sú skipting að taka mið af báðum sjónarmiðum og vera í anda þeirrar skiptingar sem hefur verið við lýði hingað til, 3-3-6 eða 4-4-4.

Virðingarfyllt
f.h. Sambands ungra sjálfstæðismanna,
Halla Sigrún Mathiesen, formaður